

guðs í hinni tilkomandi gyðinglega Messíasar ríki. En skoðanir þessar urðu brátt undir. Trúflokkur postulanna, áður en fyrsta öldin var liðin, var skoðaður kristinn vantrúarflokkur og nefnist þá ýmist „Ebíonítar“ eða „Elkesaítar,“ eftir því hve mikla áherzlu þeir lögðu á lögmálið; og er þeim þá fundið til saka af hinum fjölmennari trúflokki, er útbreiðst hafði utan Gyðingalands og nefndust Kristnir, að þeir höfnuðu átrúnaði á Jesú og segðu hann vera son Jóseps og Maríu.

En kristnin, er nefndi sig, og fylgdi fremur stefnu Páls en hinna, fór brátt að deila sín á milli, út af persónu Jesú, uppruna heimsins og þess illa og góða. Kenning Páls, um „veru Krists hjá föðurnum, áður en hann tók á sig þjóns mynd“ var nú allavega útskýrð, með tilhjálp heimspekinnar grísku, og þær ýmsu útskýringar ýmsra flokka, voru allar einu nafni nefndar „Gnostíkism“ eða „Vísdomur“, eins og N. T. útleggur það. Á annari öldinni útbreiddust Gnostikakenningarnar um alla kristnina og engin kyrkja í stærri borgum Rómverska ríkisins var til, er ekki um einn eða annan tíma hélt við þær skoðanir. Ekki leið á löngu, áður en allar þær kenningar urðu skoðaðar hin mesti villutrúarlærdómur, og fór svo að lyktum, að Gnostísku hreyfingunum var á allar hliðar mótmælt, en þó urðu fjölda margar þær kenningar að fasta kennirum kyrkjunnar um það að sú deila var um garð. Og má sérstaklega tilnefna þær skoðanir: Að líkami mannsins væri ill tilvera, er bæri að pynta og þjá á allar lundir, svo sálin nyti sín; Kenninguna um heimana mörgu, og er sumra meining, að 14. kap. Jóh. sé í þá átt um vistarverurnar: Um hið algjöra réttlæti guðs og óbeit hans á þessum heimi, svo að milli hans og manna þyrfti ótal milligangara; Um heiminn, sem reynslu og táradal, auk fleira; Og svo um tvíedli Jesú, guðlegt og mannlegt, er sumir sögðu að hefði sameinast við fæðinguna, aðrir við skírnina. Það eftirtektarverðasta við marga þessa gnostik flokka er hvað lítið þeir leggja upp úr Gamla Testamentinu, sem þeim æðsta vísdom. Jafnvel guð G. T., hjá sumum þeirra, eins og Valentínus frá Alexandríu, er sagður vera guð þess illa.

Um sama leyti og Gnostikarnir, komu aðrir tveir flokkar við